

Miðvikudaginn 8. júní kl. 09:00

31. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 14/1994

**Kvörtun Hotel Express International á Íslandi
á hendur Greiðslumiðlun h.f. - VISA Ísland**

**I.
Málsatvik**

Hinn 28. 12. 1993 barst Samkeppnisstofnun kvörtun frá Haraldi B. Böðvarssyni, framkvæmdastjóra Hotel Express á Íslandi (hér á eftir nefnt HEI) vegna viðskiptasynjunar VISA Ísland (hér á eftir nefnt VISA). Málavextir eru þeir að HEI hóf starfsemi hér á landi sumarið 1993. Starfsemin byggir á því að félagsmenn í HEI fái tiltekinn afslátt af hótélverði víða um heim, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Að sögn framkvæmdastjóra HEI óskaði hann strax eftir viðskiptum við VISA varðandi greiðslu ársgjalda félagsmanna fyrirtækisins (kr. 7.000 - 10.000). Svör fengust ekki frá VISA. HEI gerði þá samning við Kreditkort - Eurocard um sérstök kjör fyrir handhafa Gull- og Atlaskorta, er gerðust félagar í HEI. Í framhaldi af því var viðskiptabeiðnin við VISA ítrekuð og boðin sömu kjör og samist hafði um við Kreditkort. Samkvæmt upplýsingum HEI var beiðni fyrirtækisins synjað á þeim forsendum að þegar hafi verið gerður samningur á milli þess og Kreditkorta, er mismunaði VISA korthöfum í samanburði við korthafa Eurocard hvað varðar kjör félagsaðildar að HEI.

Á fundi sem síðar var haldinn með fulltrúum VISA og HEI komu jafnframt fram þau rök hjá fulltrúum VISA að fyrirtækið óttaðist að HEI gæti ekki staðið við þau afsláttarkjör sem boðin væru félagsmönnum og myndi það lenda á VISA að endurgreiða félagsgjöld óánægðra félaga.

Telur framkvæmdastjóri HEI að afstaða VISA brjóti í bága við 1. gr., 17. gr. og 20. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

II. Athugun Samkeppnisstofnunar

Hinn 4. janúar 1994 var VISA sent erindi HEI til umsagnar. Svar VISA er dagsett 7. febrúar 1994. Þar neitar fyrirtækið þeirri fullyrðingu HEI að viðskiptasynjun þess byggji á forsendum sannings sem gerður hafi verið við Eurocard. VISA Ísland setur fram eftirfarandi röksemdir fyrir viðskiptasynjuninni:

"HEI (Hotel Express á Íslandi) hafði áður leitað til VISA Íslands um samstarf. Fulltrúi fyrirtækisins kynnti þau hlunnindi sem HEI býður, með ósk um að VISA Ísland keypti þau fyrir korthafa sína eða hefði aðra milligöngu með að bjóða þeim aðild. Að vel athuguðu máli var ákveðið að hafna boði HEI. Réði þar einkum úrslitum, að til boða stóðu aðrir kostir sem talið var að hentuðu betur þörfum korthafa VISA Íslands og var gengið til samninga við ýmsa aðila allt eftir því um hvað var talið falla best að þörfum hvers markhóps, því standa almennum korthöfum, gullkorthöfum, farkorthöfum og handhöfum viðskiptakorta í dag til boða mismunandi kostir hvað varðar ferða- og gistifriðindi. Teljum við hagsmuni korthafa okkar betur tryggða með samningum sem gerðir eru þannig beint við þjónustuaðilana."

Jafnframt er í svarinu bent á að korthöfum VISA standi til boða sambærileg hlunnindi án þess að aukagreiðslu sé krafist. Fram kemur að VISA Ísland telji ekki sjálfgefið að allir geti krafist þess að geta fengið samning við fyrirtækið. Hver umsókn sé metin sérstaklega, starfsmenn og forsvarsmenn og reynsla fyrir viðskiptum ef einhver er. Einkum á það síðastnefnda við um þjónustufyrirtæki.

Að síðustu segir í svari VISA Ísland:

"Þá skal að lokum bent á að Haraldur B. Böðvarsson forsvarsmáður umrædds fyrirtækis á Íslandi hefur að mati VISA Íslands ekki nægilega trausta viðskiptasögu til þess að VISA Ísland vilji gera samning við hann um viðskipti sem reynir fyrst og fremst á eftir að greiðsla hefur verið innt af hendi. Má í þessum efni benda á fyrirtæki sem hann hefur átt aðild að, en orðið hafa gjaldþrota nýverið. Um er að ræða Augljós markaðsþjónusta sem var úrskurðuð gjaldþrota 9. júlí 1993, Samráð hf., lögfræðiráðgjöf, úrskurðað 9. júlí 1993 og Bláfell hf. úrskurðað 7. apríl 1993."

Hinn 14. febrúar 1994 sendi Samkeppnisstofnun VISA bréf með fyrirspurn um það á hvern hátt fyrirtækið gæti skaðast af því að gera viðskiptasamning við HEI. Í svari VISA dagsett 16. mars 1994 segir:

"Í viðskiptum er algengast að þegar greitt er fyrir vöru eða þjónustu með greiðslukorti, móttaki korthafi vöruna/þjónustuna samstundis. Þó eru þess mörg dæmi að vara eða þjónusta sé innt af hendi síðar, oftast með samþykki viðkomandi viðskiptamanns. Ferðaþjónusta ýmis er t.d. oftast tekin út eftir á, en vel þekkt er, að VISA Ísland hefur orðið fyrir miklum fjárhagstjónum, þegar ferðaskrifstofur hafa tekið við greiðslum, en ekki getað innt þjónustuna af hendi vegna gjaldþrota. Þá er einnig

vel þekkt hið svokallaða "sófasettamál" þegar fjölmargir aðilar "greiddu" inn á væntanleg kaup á sófum, sem voru síðan aldrei afhentir kaupendum.

Skv. vinnureglum VISA International, sem m.a. hefur verið farið eftir hér, eiga korthafar rétt á endurgreiðslu, geti þeir sannað, að það sem greitt var fyrir með VISA hafi ekki verið innt af hendi seljanda innan 60 daga frá því að það skyldi afhent.

Af ofanrituðu er ljóst, að í tilvikum sem korthafar teldu sig ekki hafa notið þjónustu HEI eins og til stóð, gætu þeir krafist endurgreiðslu. Af því leiðir, að VISA Ísland bæri skaðann, væri HEI ekki lengur til staðar. Í því sambandi má á ný benda á áður send gögn um að forsvarsmáður HEI hefur verið í stjórn fleiri en eins félags sem hefur orðið gjaldþrota.

Þá er nauðsynlegt að áréttta þá skoðun, að þegar einn aðili óskar viðskipta við annan, sé honum frjálst að samþykkja að stofna til viðskiptanna eða hafna þeim."

III.

Álit samkeppnisráðs

Fyrirtækið Hotel Express Island er ekki skráð í firmaskrá og ekki er það hlutafélag skv. upplýsingum frá Hlutafélagaskrá. Samkvæmt upplýsingum frá Haraldi B. Böðvarssyni er fyrirtækið sameignarfyrirtæki hans og samstarfsmanna hans. Það hefur ekki enn verið skráð sem sameignarfyrirtæki. Kennitala fyrirtækisins er 690793-2299.

Í bók Páls Sigurðssonar, Samningaréttur, útgefin af Bókaútgáfu Orators árið 1987 segir að ein af meginstoðum samningsréttarins sé frelsi til samningsgerðar. Í því felst að mönnum er almennt heimilt að velja sér gagnaðila til samningsgerðar, frelsi um efni löggerninga og frjálsræði til að ákvarða hvort samningur skuli gerður eða hvort skuli látið hjá líða að gera samning eða annan löggerning. Í bókinni segir m.a.: "Í norrænum rétti er þessi meginregla hvergi lögfest berum orðum, enda þótt hún sé þar löngu viðurkennd og rótgróin, en ljóst er þó, að hún endurspeglast almennt í löggjöf og réttarframkvæmd Norðurlandabjódanna. Munu ýmsir líta svo á, að samningafrelsið teljist í raun til almennra mannréttinda, enda þótt eigi sé það beinlínis stjórnarskrárvarið." (bls. 26)

Í 17. gr. samkeppnislaga, b. lið, er tekið fram að samkeppnisráð geti gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni sem geta m.a. falist í óhagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta, t.d. vegna þess að valkostum viðskiptavina fækkar, framleiðsla og sala verður dýrari og keppinautar útilokast frá markaðnum.

IV.

Ákvörðunarorð

"Í því máli sem hér er til umfjöllunar hefur enginn samningur komist á milli VISA-Ísland og Hotel Express International. Því er ekki unnt að færa fyrir því rök að valkostum viðskiptavina fækki við að VISA synjar Hotel Express International um samstarfssamning. Ekki hafa heldur verið leidd að því rök að synjunin hafi önnur þau skaðlegu áhrif sem um er fjallað í 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að synjun VISA stangist á við 20. gr. laganna. Með vísan til ofanritaðs og með tilvísun í meginreglur íslensks réttar um samningafrelsi er að mati samkeppnisráðs ekki ástæða til þess að knýja VISA Ísland til samningagerðar við Hotel Express."